



Leikskólinn Sælukot

2022 – 2023



Sa Vidya Ya Vimuktaye – Education is that which liberates – Menntun er frelsi

Framtíðarsýn Sælukots:

Í Sælukoti öðlast börn siðmenntun, víðsýni og þekkingu sem mun leiða til djúprar tilfinningar elsku og samkenndar með öllu sköpunarverkinu og nýttast þeim í breyttum heimi, fjölmennningar og fjölbreytileika.

Efnisyfirlit

1	Greinargerð leikskólastjóra	4
2	Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2021-2022	6
3	Innra mat deilda	12
6	Starfsþróunarsamtöl og fræðsla	17
7	Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva	19
8	Foreldrasamvinna	20
9	Skipulagsdagar og leikskóladagatal	21
10	Fylgigögn	21
10.	Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs	21



**‘Bernskan er grunnur
ævinnar sem mótar allt
lífshlaupið.
Sé góðum fræjum sáð í
huga barns í bernsku
mun það bera ávöxt
seinna á lífsleiðinni—
P.R.Sarkar**

Leiðarljós leikskólans Sælukots

Baba nam kevalam – Ást er allt í kringum mig.

Að þroska líkamlega, huglæga og andlega hæfileika sérhvers barns.

1 Greinargerð leikskólastjóra

Mér er efst í huga þakklæti til starfsfólks leikskólans og foreldra sem stóð af sér þennan erfiða vetur þegar hver stórsjórinn eftir annan reið yfir Sælukot. Munum að allt okkar starf snýst um börnin að þau séu hamingjusöm, þroskist og að þeim líði vel.

Leikskólastjóra skipti urðu í Sælukoti, því er ég varla sú rétta til að meta starf liðins árs.

Til að setja sér markmið fyrir næsta starfsár þarf fyrst að huga að hvert við stefnum. Stefnan er skýr og birtist í skólanámskrá Sælukots.

1. **Leikurinn:** Í Leikskólanum Sælukoti er frjáls sjálfsprottinn leikur eitt aðal viðfangsefni barnanna. Því munum við rækta leikinn, hlúa að honum og styðja.
2. **Læsi:** Leikskólinn Sælukot leggur áherslu á leiki og list til að efla alhliða íslensku. Að efla orðaforða, hljóðkerfisvitund, framburð, tjáningu og lestur. Endurtekning auðveldar börnunum að læra orð og setningar. Kennslan fer fram í leik, leikið er með hljóðin, búin til taktur, notaðar fingrabrúður og brúðuleikhús.
3. **Mælt mál:** Börnin þróa mælt mál með því að hlusta á sögur, frásagnir og ævintýri. Með söng og samskiptum við fullorðna, í leikjum og samtölum við önnur börn, vini og þá sem þau umgangast. Börn sem þurfa örvun til máls fá sérstaka umhyggju og starfsfólk ræðir mikið við þau.
4. **Fínhyfingar:** Börnin nota skynfærin til að kynnast umhverfinu. Þau fá fjölbreytta reynslu og margvísleg viðfangsefni til að læra af. Börnin auka færni sína í að nota áhöld t.d. skriffæri, skæri, og bursta. Við hnoðum og mótum leir og deig til að styrkja vöðva í höndum. Börnin skapa með perlum og smáum kubbum, púsla og vinna með fíngerða hluti til að æfa skynjun og færni fingurgóma. Við æfum samhæfingu augna og handa með grófum saumaskap.
5. **Grófhreyfingar:** Ungabörnin skynja líkama sinn og ná tökum á honum með því að velta sér, hossa sér, detta og rekast á. Við æfum yngstu börnin í að ganga og þau eldri í að stikla á steinum og rekja spor. Við æfum jafnvægið, göngum á línu, göngum eftir planku. Börnin klifra, hanga á höndum og reyna á líkamann að vild. Börnin læra að leika sér saman í hópleikjum.
6. **Sköpun:** Í ný-húmanískri menntun er lögð áhersla á fagurfræðilega reynslu, að njóta tónlistar, myndlistar og annarra listgreina. Allir hafa hæfileika til að skapa. Hæfileikinn til að skapa er eins og fræ sem þarf að spíra.
7. **Jógæfingar:** Markmið: Að þjálfar og liðka líkamann. Jógæfingar stuðla að hvíld, spennulosun og ró ef rétt er að staðið. Börnin læra hvernig gera á mismunandi jógæfingar. Í jógæfingum hermum við eftir dýrum o.fl. Með jógæfingum fá börnin aukna næmni fyrir líkama sínum. Þau samstillir huga og líkama með öndun og jógæfingum. Börnin fá að heyra sögur, leika sögurnar og búa til jógadans. Slakandi og jafnvægisfull áhrif jógæfinga geta aukið námsgetu.

8. **Morgunhringur:** Markmiðið með morgunhring er að kenna andlega iðkun, að ást sé allt í kring um okkur, að syngja saman og kenna margvíslegan fróðleik og þau mannlegu gildi sem leikskólinn stendur fyrir. Í morgunhring læra börnin meðal annars að taka þátt í samræðum, segja frá og svara spurningum. Þau búa til sögur, segja frá eigin hugmyndum og reynslu. Þannig leggja þau sitt af mörkum í sögustund og morgunhring. Til að efla sjálfstraust barnanna fá þau að hafa frumkvæði, hefja umræður og tjá sig í samskiptum við kennara og starfsfólk. Börnin þróa færni til að skipuleggja í munnlegum og sjónrænum leikjum, með leikbrúðum, með myndum og í ímyndunarleikjum.
9. **Þemaverkefni:** Rauði þráðurinn í þemaverkefnunum í Sælukoti er þróun vitundarinnar. Hvernig vitundin þróast frá hinu grófa til hins fíngerða. Verkefnið fíkra sig hvert á eftir öðru eftir hringrás sköpunarinnar, sem er kölluð kærleikshringurinn. Stuðst er við kennsluhandbók Didi Ananda Mitru „The Circle of Love“ auk margskonar þjóðlegs fróðleiks. Þemaverkefni heita: Ég sjálfur. Fjölskyldan mín. Fólkið í kringum mig. Fólk alls staðar að úr heiminum. Kærleikur og Guð. Himingeimurinn. Loft. Eldur og stjörnur. Vatn. Steinar, klettar og fjöll. Skriðdýr. Dýr í sjónum. Fuglar og páskaundirbúningur. Húsdýr. Villt dýr. Plöntur, blóm og tré. Skordýr. Umhverfisþemað. Siðareglur jóga.
10. **Umhverfisvitund:** Samhliða því að skoða og njóta náttúrunnar kynnast börnin í Sælukoti hugmyndum um verndun náttúrunnar og sjálfbæra þróun. Vakin er áhugi barnanna á náttúrunni með því að kynnast og njóta dásemda hennar. Þau sá og rækta, matbúa síðan og borða uppskeruna. Þau kynnast endurvinnslu. Hlusta á sögur um jörðina, stjörnur og alheiminn. Þau læra um dýr og jurtir.

Fjölmennning: Að læra að lifa í sátt og samlyndi sem ein heild. Nú er meira aðkallandi en nokkru sinni fyrr að vel takist að blanda saman menningarhópum. Höfundur Ný-húmanisma hafnar því að fólk sé dregið í dilka eftir litarhætti, kyni, trúarskoðunum, stöðu og menntun.

Að fólki sé skipt í ríka og fátæka, menntaða og ómenntaða. Að fólki sé skipt í hópa eftir skoðunum og trúarbrögðum. Í leikskólanum Sælukoti er allt starfið fjölmenningarstarf með vellíðan að markmiði.

*Guðríður Pétursdóttir
Leikskólastjóri.*

2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2021-2022

Innra mat

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)
Vettvangsferðir Sólir, Stjörnur Elstu börnin	Farið var á bókasöfn, sýningar og dvalarheimili aldraðra til að syngja.	Starfsmenn, þótt foreldrar séu ávalt velkomnir með varð ekkert úr því. Meðal annars vegna Covid.	Vettvangsferðir féllu niður síðarihluta árs vegna Covid og veikinda starfsfólks. Því framlengjum við áætlunina. Vettvangsferð verður einu sinni í mánuði á haustönn fram að aðventu.
Jógastöður Sérkennsla Sjá mat á sérkennslu í starfsáætlun 2021-2022 Áfram er haldið á sömu braut.	Börnin í elstu og mið hópum æfðu 5 grunn jógastöður Ráðin var sérkennslustjóri með þekkingu og reynslu.	Undir handleiðslu starfsmanna. Foreldrar komu á fundi með sérkennara leikskólastjóra og rekstrarstjóra.	Gekk vel, börnin tóku jógastöðurnar sem leik og höfðu ánægju af. Jógastöður verða æfðar áfram og nýjum bætt við. Ef mál barns var talið að mati fyrrgreindra aðila þurfa meira en skólinn gat boðið upp á var málinu vísað áfram. Sérkennsla er komin í gott ferli en verður áfram áhersluatriði 2022-2023.
Mat á námi og velferð barna	Gerðar voru ferilmöppur fyrir hvert barn þar sem verkum þeirra var safnað í. Skráð er hæð og þyngd barnanna tvisvar á ári og sett í möppuna Gátlistum um og viðurkenndar skimanir eins og Hljóm-2 voru notaðir til að meta þroska og framfarir barnanna.	Starfsmenn og börn, og foreldrar í foreldraviðtölum.	Gekk vel. Starfsmenn og börn, og foreldrar skoðuðu og ræddu afraksturinn í foreldraviðtölum. Þetta verður áfram í umbótaþætti næsta árs.

Ytra mat

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)
Fjöltyngi	Ráðgjafar frá Miðju máls og læsis leiðbeindu starfsfólki sem framkvæmdu matið.	Starfsmenn. Ráðgjafar frá þjónustumiðstöð framkvæmdu mat á framförum barnanna.	Eldri fjöltyngdu börnin fengu meiri einstaklings málörvun og var framför þeirra góð.



Umbótaáætlun leikskólans 2022-2023

UMBÓTAPÁTTUR MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir Til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig og hvenær metið/ Aðferðir	Viðmið um árangur
Stjórnun							
Leikskólinn Sælukot starfar eftir stefnu Ný-Húmanisma. Dídí er ábyrg fyrir að fylgja þeim skuldbindingum sem því fylgir. Leikskólastjóri ber ábyrgð á að skólinn skólinn starfi eftir íslenskum lögum og reglugerðum	Að koma á góðu samstarfi Dídíar og leikskóla- stjóra.	Með nánu samstarfi, samræðum um ábyrgð og verksvið. Að vinna saman að verkefnum þar sem samvinna er eina leiðin til árangurs.	Dídí og leikskólastjóri.	Hefst án tafar	Viðvarndi Verkefni	Stöðumat gert á þriggja mánaða fresti.	Viðmið er gæðalýsing.
Uppeldis og menntastarf							
	Skipulags- lega þarf hver kennari að halda utan um sinn hóp og efla þannig stöðug- leika Gera nám og vinnu með yngstu börnunum meira einstak- lings - miðaða.	Með nánu samstarfi og samræðum um ábyrgð og verksvið.	Stjórnendur og kennarar	Haut 2022	Lokið vor 2023	Innra mat og umræða starfsfólks á starfsdögum Að skrá viðfangsefni sem vel ganga.	Við lítum á matið sem ferli þar sem niðurstöður koma í ljós jafnt og þétt á tímabilinu.

Mannauður og leikskólabragur							
Hvernig stuðlum við að því að börnunum líði vel og séu glöð og hamingjusöm í Sælukoti.	Að nota hugleiðslu, sögu og söngstundir til að efla samkend og gott andrúmsloft í hópnum. Huga að líðan starfsfólks og styrkja það í starfi sínu.	Líðan barna og líðan starfsfólks er hvert öðru háð. Styrkjum hvetjum og fræðum starfsfólkið. Rækta leik barnanna líka þann sem við köllun frjálsan eða sjálfsprotinn. Varast of mikla endurtekningu í verkefnum.	Stjórnendur og starfsfólk.	Hefst á haustönn 2022	Komið í skipulag vor 2023.	Símat kennara	Umræður á jafnræðis grundvelli milli stjórnenda og starfsfólks.
Innra mat							
Sköpun	Að auka tækifæri barnanna til að skapa.	Að nýta þá stofu þar sem elstu börnin borða sem listaver utan matmáls-tíma fyrir minni hópa. Fá hæfileikaríka foreldra sem t.d. spila á hljóðfæri eða eru í öðrum listgreinum til að koma og leyfa börnunum að njóta.	Dídí leikskólastjóri og deildastjóri. Skipulag rætt á starfsmannfundum t.d.frágangur og þrif þegar kennari þarf að fylgja hópnum.	Haust 2022	Vor 2023	Símat og skoðun ferilmappa.	Að börnin fái tækifæri til að skapa á fjöl-breyttan hátt og njóta lista.

Fjöltyngi	Hlusta á söng og sögur á góðri íslensku fá upplesara og nota nútíma tækni. Eldri fjöltyngdu börnin fá meiri einstaklings málörvun.	Fá ráðgjafa frá MML þjónustu-miðstöð til ráðleggingar og til að framkvæma mat á framförum barnanna.	Allir starfsmenn og stjórnendur sérstaklega Íslendingar.	Viðvarandi verkefni		Ráðgjafar frá MML meta framfarir barnanna.	
-----------	--	---	--	---------------------	--	--	--



3 Innra mat deilda.

Deild I - Sól og Stjörnur (Börn á aldrinum 4 – 6 ára)

UMBÓTA- ÞÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig og hvenær metið Aðferðir	Viðmið um árangur
MATS- ÞÁTTUR							
Þema- verkefni	Leggja aukna áherslu á þema-verkefnin svo þau séu í samræmi við skóla-námskrá og fjöl-breyttar aðferðir nýttar.	Að þema sé þrjá daga í viku t.d. mánudaga miðviku-daga og fimmtu-daga 30 mínútur á dag.	Deildar- stjóri	Haust 2022	Vor 2023	Farið yfir gögn og rætt á sam- starfs- fundum.	Að börnin fá fjölbreyttar í tækifæri til náms, leikja og ánægju af þema-verkefnum.
Vettvangs ferðir Framlengd Áætlun frá 2021 –2022	Með sama móti og á síðasta ári	Vettvangs-ferð verður farin einu sinni í mánuði á haustönn fram að aðventu.	Deildar - stjóri Geri áætlanir	Haust 2022	Í byrjun aðventu		Að börnin víkki sjóndeildar-hring sinn og kynnist öðru en því sem leikskólinn býður upp á.
Jógastöður Framlengd áætlun frá 2021 – 2022	Eins og gert var á liðnu ári.	Börnin í elstu hópum æfa 7 grunn jógastöður	Undir hand- leiðslu starfs- manna	Haust 2022		Fylgst er með fram- förum barna. Samræður á deildar- fundum	Að börnin ná valdi á þessum grunn jóga-stöðum.

Mat á námi og velferð barna	Að fá gleggri mynd af getu styrkleikum og áhugamálum hvers barns og helstu veikleikum.	Áfram verða gerðar ferilmöppur fyrir hvert barn þar sem verkum þeirra er safnað í. Gátlistar og viðurkenndar skimanir eins og Hljóm-2 verða notaðir til að meta þroska og framfarir barnanna.	Deildarstjórar og leikskólastjóri.	Haut 2022	Vor 2023	Farið yfir gögn og rætt á samstarfs og deildarfundum.	Að upplýsingaöflun sé markviss og fjölbreyttar aðferðir notaðar.
		Við munum áfram leita til Miðju máls og læsis.					



Deild II – Himinn (Börn á aldrinum 2 – 3 ára)

UMBÓTA- ÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokð	Hvernig metið Aðferðir	Viðmið um árangur
Sköpun	Að auka tækifæri barnanna til að skapa og njóta.	Að börnin fari regluleg í listaver.	Deildar- stjóri og kennarar	Haust 2022	Vor 2023	Farið yfir gögn í feril- möppum og rætt á samstarfs fundum.	Að börnin fái tækifæri til að tjá sig á fjölbreyttan hátt.
Morgun- hringur	Að styrkja samveru í morgun- hring og leggja grunn að andlegri ástundun með slökun og hugleiðslu	Að gefandi morgun- hringur sé fastur liður alla daga vikunnar.	Kennarar	Haust 2022	Vor 2023	Dídí metur gæði hringins.	Börnin njóti og nái ferlinu.
Jógastöður Framlengd áætlun frá 2021 – 2022	Eins og gert var á liðnu ári.	Börnin æfa 5 grunn jógastöður	Stjórn- endur	Haust 2022	Vor 2023	Fylgst er með árangri barnanna og rætt á deildar- fundum	Að börnin kynnist jóga- æfingum og verði liðug.

Deild III – Geimur (2 ára börn)

UMBÓTA- PÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið.	Hvernig metið Aðferðir	Viðmið um árangur
MATSPÁTTUR							
Fínhreyfingar	Fínhreyfingar Að börnin fái fjölbreytt tækifæri til að æfa fínhreyfing- ar og nota skynfærin.	Æfa Fín- hreyfingar daglega. Kubba, púsla, leira, lita, teikna, þræða grófar perlur upp á band, fletta bók o.fl.	Deildar- stjórar og Kennarar.	Haust 2022	Vor 2023	2023 Fylgst er með framförum barnanna og skoðaðar ferilmöppur.	Að börnin fái fjöl- breyttari tækifæri til náms, og leikja.

Deild IV – Alheimur og vetrarbraut (Börn á aldrinum 1 – 2 ára)

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið Aðferðir	Viðmið um árangur
Grófhreyfingar	Að börnin fái tækifæri til að æfa hreyfingar á öruggan hátt.	Æfa börnin í að ganga með fram halda sér í byrjun dessa velta hoppa ganga eftir línu o.fl.	Deildar- stjóri og kennarar.	Haust 2022	Vor 2023	Fylgst er með framförum barnanna og afrekin skráð.	Árangur barna er mjög sýnilegur á þessum aldri. Afrekin borin saman við staðla.

Umbótaáætlun – fjöltyngi 2022-2023

UMBÓTAÞÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið Aðferðir	Viðmið um árangur
Auka grunn-orðaforða barnanna.	Með því að gera nám og vinnu með yngri börnunum meira einstaklings-miðaða skapast fleiri tækifæri til samræðna við börnin.	Ársgömul börn eru öll að byrja að tala. Því var niðurstaðan sú að öll yngri börnin fengju hvatningu til máls. Með samræðum hvenær sem tækifæri gefst með söng, sögum og umræðum um leik barnanna. Starfsfólk leggur sig fram um að auka orðaforða barnanna og gera leik þeirra orðríkari, orðlægari. Það er gert með samræðum við börnin um viðfangsefn	Stjórn-endur og starfs-fólk	Ágúst 2022	Júní 2023	Með samræðum starfsmanna á deildarfundum	Að börnin geti tjáð sig á íslensku og tengst vinum og fullorðnu fólki.

		i leiksins. Samræðum sem hvetur þau til að tjá sig með orðum og hlusta eftir orðum. Lesið er fyrir börnin, við erum svo lánsöm að hafa kennara sem er snilldar upplesari.					
--	--	---	--	--	--	--	--

6 Starfspróunarsamtöl og fræðsla

Símenntun og framgangur starfsmanna.

Leikskólastarfið er að því leyti ólíkt flestum ef ekki öllum öðrum störfum, að hvaða hugmyndir sem við kunnum að hafa, fræðilegar eða aðrar, um hvernig haga skuli menntun barna, eða því sem við almennt köllum „uppeldi“ þeirra, þá verður framkvæmd þeirra hugmynda aldrei endanlega smættuð niður í fyrirlagða verkþætti. Venjuleg „færibandavinna“ kann að krefjast handlagni sem sumum reynist erfitt að læra. Því er gjarnan svarað með einföldun þeirra athafna sem verkið krefst af starfsmanninum. Það sama verður ekki gert í leikskólastarfi nema að mjög takmörkuðu marki. Verklag og skipulag er mikilvægt í leikskólastarfinu, vitaskuld. En að því fengnu er það mikilvægasta eftir og það sem árangur starfsins veltur á: Samskipti starfsmanns og barns. Í samskiptum þeirra rækir starfsmaðurinn hlutverk sitt. Öllu öðru í starfsemi leikskólans er ætlað að gera þessi samskipti bæði möguleg og farsæl.

Af þessu leiðir að leikskólastarfið verður aldrei betra en þau samskipti sem starfsmennirnir eiga við börnin. Það er í þeim sem hin eiginlega menntun barnanna fer fram. Það er til þessara samskipta við börnin sem starfsmenn þurfa að menntast sjálfir. Allar hugmyndir um að leikskólastarfi megi haga líkt og „færibandavinnu“ þar sem viðfangsefni starfsmannanna séu smættuð niður í einfaldar athafnir þeirra eru óviðeigandi. Leikskóli verður ekki rekinn farsælllega með því að nokkrir fáir útdeili af þekkingu sinni einföldum athöfnum til þeirra sem ekki búa yfir þeirri þekkingu. Leikskólinn þarfnast skipulags og margvíslegrar verklegrar framkvæmdar, en allt það er til lítils ef í samskiptum starfsmanna og barnanna gerist ekki það sem öllu skiptir um eiginlega menntun þeirra.



Það sem Leikskólinn Sælukot kallar eftir hjá starfsmönnum sínum, að öllu öðru fengnu, eru hæfileikar þeirra í samskiptum við börnin. Meðvitund þeirra um að í þessum samskiptum fari hið eiginlega menntunarstarf þeirra fram og allt annað í skipulagi, búnaði, fræðum og þekkingu sem leikskólinn ráði yfir sé til þess að búa í haginns fyrir þessi samskipti.

Á þessum grundvelli byggir Leikskólinn Sælukot það skipulag símenntunar og framgangs starfsmanna sem hann hyggst innleiða í nánú samstarfi við starfsmenn. Að fenginni allri þeirri menntun og starfsreynslu sem starfsmenn kunna þegar að búa yfir er þessu skipulagi ætlað að styrkja þá í framkvæmd þeirrar ný-húmanísku menntastefnu sem leikskólinn hefur skuldbundið sig til að starfa eftir.

Námskrá þessa skipulags er í skoðun hjá til þess bærum aðilum og verður kynnt í byrjun nýs leikskólaárs.

7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Aðalmarkmið samstarfs leikskóla og grunnskóla er að stuðla að vellíðan barnanna við flutning á milli skólastiga. Á þessu ári eru sjö börn í Sælukoti sem fara í skóla. Samstarf er milli Sælukots og Melaskóla hópstjórar elstu barna fór í skólaheimsókn í Melaskóla með hópinn, þótt sá skóli verði ekki framtíðarskóli þeirra allra. Foreldrar velja Sælukot oftast vegna hugmyndafræðinnar og börnin koma því víða að og fara ekki endilega í hverfissskólann.



8 Foreldrasamvinna

Mikilvægt er að halda góðum tengslum við foreldra. Við höfum dagleg samskipti þegar komið er með börnin og þau sótt. Upplýsingar um hvernig barnið borðar eru skráðar daglega á töflur við inngang deildanna fyrir öll börn. Svefntími yngstu barna sem sofa er einnig skráður nákvæmlega. Á föstudögum sendum við myndir og fréttir heim til foreldra í tölvupósti. Í ár var tekin upp sú nýbreytni að setja á Instagram myndir og myndbönd af börnunum í leik og starfi og senda foreldrum. Í foreldrahandbók er að finna hagnýtar upplýsingar fyrir foreldra. Á heimasíðu skólans eru einnig aðgengilegar upplýsingar. Lokaður hópur er á Facebook sem foreldrar, starfsmenn og stjórnendur hafa allir aðgang að. Foreldraviðtöl eru í febrúar. Þá eru foreldrar fræddir um stöðu, líðan og framfarir barnsins í leikskólanum og gagnkvæmt fáum við að vita um afrek barnsins heima fyrir. Á hverju ári er haldið annars vegar mömmu/ömmukaffi og hins vegar pabba/afa kaffi þar sem foreldrum, afa og ömmu gefst tækifæri til að heimsækja skólann og fara í morgunhring með börnum og starfsfólki og þiggja veitingar. Börnin taka þátt í að undirbúa heimsóknina og æfa lög sem þau syngja fyrir gestina sína og þau undirbúa sjálf hlaðborð með veitingum með hjálp hinna fullorðnu. Síðan er hægt að ganga um deildirnar og skoða verk barnanna sem þau sýna með stolti. Þetta árið lá svo margt niðri vegna sóttvarnareglna, meðal annars þessi skemmtilega hefð. Á hverju vori er vinnuhelgi foreldra og var hún haldin í júní. Sú hefð hefur haldist gegn um árin frá stofnun skólans að foreldrar leggja fram vinnu við að snyrta og slá lóðina, mála, smíða, lagfæra útileikföng, undirbúa matjurtagarðinn og þess háttar. Þetta er hin skemmtilegasta samkoma, mjög góður matur er á borðum og foreldrar kynnast hverjir öðrum. Börnin taka ekki þátt í vinnuhelgi en þau sjá myndir af foreldrum sínum að störfum. Upphafleg hugmynd að þessu var að skapa tengsl milli heimilis og skóla og að börnin myndu að þetta væri þeirra annað heimili. Leikskólinn sendi foreldrum eyðublað á rafrænu formi í apríl þar sem hægt var að koma tillögum á framfæri. Þar komu fram góðar ábendingar og foreldrar tjáðu einnig ánægju sína með starfið og alla þá umhyggju sem börnin þeirra eru aðnjótandi: "Frábært andrúmsloft og starfsfólk sem lætur sig hlutina varða. Persónulegt og skapandi umhverfi fyrir börnin.

9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

10 Fylgigögn

10.1 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs

Umsögn foreldraráðs


Foreldraráð Sælukots hefur yfirfarið starfsáætlun leikskólans fyrir árið 2022-2023 í samráði við stjórnendur Sælukots. Foreldraráð styður áætlunina sem að mati ráðsins er hnitmiðuð, er lýsandi fyrir starfsemi skólans og hefur að geyma skýr markmið.

Framtíðarsýn Sælukots er heildræn og er markmið hennar að undirbúa börnin á leikskólanum fyrir þær hröðu samfélagsbreytingar sem eru að eiga sér stað og munu eiga sér stað í náinni framtíð. Það er ánægjulegt að í starfsáætlun leikskólans er lögð aukin áhersla á málörvun með tilliti til þarfa fjöltyngdra barna. Þá er þar gert ráð fyrir fjölbreyttri hreyfingu í formi jóga og annarra æfinga, sem er þakkarvert.

Foreldraráð Sælukots vill þakka stjórnendum og starfsfólki gott og náið samstarf síðastliðinn vetur sem var á köflum krefjandi fyrir rekstur leikskólans. Þrátt fyrir aðstæður sem lögðust þungt á starfsfólk varð engin röskun á skólastarfi eða umönnun barna. Starfsfólk Sælukots á skilið hrós fyrir þrautseigju og fagmennsku við erfiðar aðstæður. Leikskólinn hefur ráðist í mikið umbótastarf á liðnu skólaári. Þar má nefna ráðningu sérkennslustjóra og bætta upplýsingamiðlun til foreldra.

Að lokum vill Foreldraráð koma á framfæri ánægju og þakklæti með þann hreina og næringarríka mat sem eldaður hefur verið fyrir börnin á leikskólanum. Er það von ráðsins að áfram verði byggt á þeirri stefnu þegar næring barna á leikskólanum er annars vegar.

Virðingarfyllst, fyrir hönd Foreldraráðs,



Ása Dagmar Jónsdóttir

Tina Gotthard

Ása Dagmar Jónsdóttir Norðfjörð

Erna Norðdahl

Abhijit Das

F. h. Leikskólinn Sælukeiðir

Guðrún Pétursdóttir
Guðrún Pétursdóttir 29/6 2022
Leikskólastjóri Dagsetning

Education is that which liberates

Leikskóla

		ÁGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NÓVEMBER	DESEMBER
1	M	Frídagur verslunarmanna	1 F Aðlögun yngstu barna	1 L	1 Þ	1 F Fullveldisdagurinn
2	Þ	Starfsdagur 09:00 - 17:00	2 F Aðlögun yngstu barna	2 S	2 M	2 F
3	M	Opnun/velkomin Kl:09.00	3 L	3 M Fólk alls staðar að úr heiminu	3 F	3 L
4	F	Aðlögun yngstu barna	4 S	4 Þ Foreldraviðtöl	4 F Mömmu&amma Kaffi kl:15.00	4 S
5	F	Aðlögun yngstu barna	5 M Fjölskylda min/ My family	5 M Foreldraviðtöl	5 L	5 M
6	L		6 Þ	6 F Foreldraviðtöl	6 S	6 Þ
7	S		7 M	7 F Pabba og Afi kaffi kl: 16.00	7 M	7 M
8	M	Aðlögun yngstu barna	8 F Dagur læsis	8 L	8 Þ Baráttudagur gegn einelti	8 F
9	Þ	Aðlögun yngstu barna	9 F Foreldra Fund. Kl: 19:30	9 S	9 M	9 F
10	M		10 L	10 M	10 F	10 L
11	F		11 S	11 Þ	11 F	11 S
12	F		12 M	12 M	12 L	12 M Þema- Jólaundirbúningur
13	L		13 Þ	13 F	13 S	13 Þ
14	S		14 M	14 F	14 M Þema - Loft	14 M
15	M		15 F	15 L	15 Þ	15 F






16	Þ		16	F	Dagur íslenskrar náttúru	16	S		16	M	Dagur íslenskrar tungu	16	F	Jolaball 
17	M		17	L		17	M	Þema- Kærleikur og Guð	17	F		17	L	
18	F		18	S		18	Þ		18	F		18	S	
19	F	Hjóladaur	19	M	Þema- Fólkið í kringum mig o 	19	M		19	L		19	M	
20	L		20	Þ		20	F		20	S	Dagur mannréttinda barna	20	Þ	
21	S		21	M		21	F		21	M		21	M	
22	M	Þema (Ég sjálf/ur /Myself)	22	F		22	L	Fyrsti vetrardagur	22	Þ		22	F	 Starfsdagur
23	Þ		23	F	Dótadagur 	23	S		23	M		23	F	Þorláksmessa
24	M		24	L		24	M		24	F	Dótadagur 	24	L	Aðfangadagur jóla
25	F	Dótadagur 	25	S		25	Þ		25	F	 Starfsdagur	25	S	Jóladagur
26	F		26	M	Evrópski tungumáladaurinn	26	M		26	L		26	M	Annar í jólum
27	L		27	Þ		27	F	Dótadagur 	27	S		27	Þ	
28	S		28	M	Foreldra Ráð Fundur	28	F	 Starfsdagur	28	M	Þema-Eldur og stjörnur 	28	M	
29	M		29	F	Foreldra Félag Fundur	29	L		29	Þ		29	F	Dótadagur 
30	Þ		30	F	 Starfsdagur	30	S		30	M		30	F	
31	M					31	M	Þema- Himingeimurinn				31	L	Gamlársdagur

Agatal 2022 - 2023

Nafn skóla:


Sælu

JANÚAR			FEBRÚAR			MARS			APRÍL			MAÍ		
1	S	Nýársdagur	1	M		1	M		1	L		1	M	Verkalýðsdagurinn
2	M	Þema- Vatn	2	F		2	F		2	S	Pálmásunnudagur	2	Þ	
3	Þ		3	F		3	F		3	M		3	M	
4	M		4	L		4	L		4	Þ		4	F	
5	F		5	S		5	S		5	M		5	F	Sveitaferð/Planting trees
6	F	Þrettándinn	6	M	Dagur leikskólans	6	M	Foreldraviðtöl	6	F	Skírdagur	6	L	
7	L		7	Þ	Dagur tónlistarskólans	7	Þ	Foreldraviðtöl	7	F	Föstudagurinn langi	7	S	
8	S		8	M		8	M	Foreldraviðtöl	8	L		8	M	Þema-Umhverfisþemað 
9	M		9	F		9	F	Foreldraviðtöl	9	S	Páskadagur	9	Þ	
10	Þ		10	F		10	F	Foreldraviðtöl	10	M	Annar í páskum	10	M	
11	M		11	L	Dagur íslenska táknmálsins	11	L		11	Þ		11	F	
12	F		12	S		12	S		12	M		12	F	
13	F		13	M	Þema-Dyr í sjónum /Bolludag 	13	M	Þema-Fuglar og páskaúndirbú 	13	F		13	L	
14	L		14	Þ		14	Þ	Dagur stærðfræðinnar	14	F		14	S	
15	S		15	M		15	M		15	L		15	M	

16	M	 Þema-Steinar, klettar og fjöll	16	F		16	F		16	S		16	Þ	
17	Þ		17	F		17	F		17	M	 Þema-Plöntur, blóm og tré	17	M	
18	M		18	L		18	L		18	Þ		18	F	Uppstigningardagur
19	F		19	S	Konudagur	19	S		19	M		19	F	Foreldra Ráð Fundur
20	F	Bóndadagur	20	M	Bolludagur	20	M		20	F	Sumardagurinn fyrsti	20	L	
21	L		21	Þ	Sprengidagur	21	Þ		21	F		21	S	
22	S		22	M	Öskudagur	22	M		22	L		22	M	Þema-Yama
23	M		23	F		23	F		23	S		23	Þ	
24	Þ		24	F	 Starfsdagur	24	F	Foreldra Félag Fundur	24	M		24	M	
25	M		25	L		25	L		25	Þ		25	F	
26	F		26	S		26	S		26	M		26	F	 Starfsdagur
27	F	 Starfsdagur	27	M	Þema-Húsdýr 	27	M	Þema-Skordýr 	27	F		27	L	
28	L		28	Þ		28	Þ		28	F	 Starfsdagur	28	S	Hvítasunnudagur
29	S					29	M		29	L		29	M	Annar í Hvítasunnu
30	M	Þema-Skriðdýr 				30	F		30	S		30	Þ	
31	Þ					31	F	 Starfsdagur				31	M	

ukot

JÚNÍ			JÚLÍ		
1	F		1	L	
2	F		2	S	
3	L		3	M	Sumar Frí
4	S	Sjómannadagurinn	4	Þ	Sumar Frí
5	M		5	M	Sumar Frí
6	Þ		6	F	Sumar Frí
7	M		7	F	Sumar Frí
8	F		8	L	
9	F		9	S	
10	L		10	M	Sumar Frí
11	S		11	Þ	Sumar Frí
12	M	Þema-Niyam	12	M	Sumar Frí
13	Þ		13	F	Sumar Frí
14	M		14	F	Sumar Frí
15	F		15	L	

16	F		16	S	
17	L	Lýðveldisdagurinn	17	M	Sumar Frí
18	S		18	Þ	Sumar Frí
19	M		19	M	Sumar Frí
20	Þ		20	F	Sumar Frí
21	M		21	F	Sumar Frí
22	F		22	L	
23	F		23	S	
24	L		24	M	Sumar Frí
25	S		25	Þ	Sumar Frí
26	M		26	M	Sumar Frí
27	Þ		27	F	Sumar Frí
28	M		28	F	Sumar Frí
29	F		29	L	
30	F	 Starfsdagur	30	S	
			31	M	Sumar Frí